

- 7.6.5. Flugmálastjórn getur fyrirvaralaust afturkallað skírteini um tiltekinn tíma ef handhafi hefur sýnt í starfi sínu ábyrgðarleysi, skort á dómgreind og reynslu, vanrækslu eða gerst brotlegur á annan hátt.
- 7.6.6. Ef skírteini hefur verið afturkallað eða hlutaðeigandi fyrirgert réttindum sem í því felast skal hann tafarlaust afhenda það flugmálastjórn eða trúnaðarmanni hennar.

VIII. KAFLI GILDISTAKA O.FL.

- 8.1. **Undanþágur.**
Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.
- 8.2. **Ágreiningur.**
Ágreiningi, sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar, má vísa til samgönguráðuneytis til úrskurðar.
- 8.3. **Refsiákvæði.**
Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964.
- 8.4. **Gildistaka.**
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn, nr. 301/1978, og reglugerðir nr. 524/1980, 159/1982, 591/1983 og 398/1985 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. júní 1986 staðfest endurskoðaðan uppdrátt af Reykjahlíð við Mývatn.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skútustaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er felldur úr gildi skipulagsuppdráttur af Reykjahlíð við Mývatn, sem staðfestur var af ráðuneytinu 30. september 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.